

Ár 2022, fimmtudaginn 18. ágúst, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 2/2022

Knattspyrnudeild KA

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I.

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp þann 9. ágúst 2022, þar sem þjálfara KA, Arnari Grétarssyni var gert að sæta leikbanni samanlagt í 5 leiki í Íslandsmóti KSÍ og Knattspyrnudeild KA gert að sæta sekt samanlagt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 12. ágúst 2022 þar sem Knattspyrnudeild KA gerir eftirfarandi kröfur:

Að leikbann Arnars Grétarssonar verði stytzt verulega og að hann sæti ekki lengra leikbanni en tveggja leikja. Þá er þess krafist að sekt sem ákvörðuð var KA verði felld úr gildi eða lækkuð verulega.

II.

Áfrýjandi er knattspyrnudeild KA sem leikur í Bestu deild karla. Þann 2. ágúst sl. fór fram leikur KA og KR á Greifavellinum á Akureyri. Líkt og leikskýrsla leiksins kveður á um þá hlaut Arnar Grétarsson þjálfari KA brottvísun á 94. mínútu leiksins. Í skýrslu frá dómara leiksins, Agli Arnari Sigþórssyni, kemur fram eftirfarandi skýring vegna brottvísunar þjálfara KA:

Á 90+4 mín leiksins gerði KA kröfu um að fá dæmda vítaspyrnu. Þjálfari KA, Arnar Grétarsson, mótmælti kröftuglega að ekki skyldi dæmd vítaspyrna á leikmann KR. Þegar þjálfarinn var að mótmæla gekk hann nokkra metra inn á leikvöllinn. 4ði dómari leiksins óskaði samstundis eftir því að dómariinn kæmi í tæknisvæðið og gæfi þjálfara KA rautt spjald.

Þegar dómari leiksins var á leiðinni að tæknisvæðinu notaði þjálfari KA særandi og móðgandi orðbragð gagnvart 4ða dómara og slíkt gerði hann einnig þegar dómariinn sýndi honum rauða spjaldið. Þjálfarinn fór frá tæknisvæðinu um leið og honum var sýnt spjaldið. Hann labbaði frá tæknisvæðinu aftur fyrir aðstoðardómara eitt á leið sinni að áhorfendasvæðinu. Þegar hann gekk framhjá aðstoðardómara eitt notaði hann særandi og móðgandi orðbragð gagnvart honum og dómarateyminu í heild sinni.

Eftir að leik lauk kom þjálfarinn inná völlinn og gekk rակleitt að 4ða dómara leiksins sem stóð við tækisvæðin og hélt áfram að nota svívirðilegt og móðgandi orðbragð gagnvart honum. Því næst gekk hann að dómáranum og aðstoðardómurinum sem still höfðu sér upp á miðjum vellinum. Þar voru leikmenn og forráðamenn beggja liða að þakka fyrir sig. Þegar þjálfari KA tók í höndina á aðstoðardómara eitt þá sýndi hann af sér ógnandi hegðun gagnvart honum. Þjálfarinn hélt áfram að nota sарandi og móðgandi orðbragð gagnvart 4ða dómara leiksins þegar dómárar leiksins gengu af velli.

Ekki urðu frekari orðaskipti þegar til búningsherbergja var komið eða þegar dómárar voru að yfirgefa leikstaðinn.

Í samræmi við grein 5.4.1. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál var skýrsla dómara leiksins send til hlutaðeigandi félags þann 3. ágúst og því gefinn kostur á að koma að athugasemdum vegna skýrslunnar fyrir næsta reglulega fund aga- og úrskurðarnefndar. Þann 4. ágúst barst bréf frá Sævari Péturssyni framkvæmdastjóra KA þar sem eftirfarandi kom fram:

Eina sem KSÍ og dómárateymið fær frá KA í þessu máli er afsökunarbeiðni. Ég er búinn að ræða við Svein í tvígang og biðjast afsökunar fyrir hönd félagsins.

Þessi framkoma er ekki eitthvað sem við viljum vera þekkt fyrir og biðjum auðmjúkir afsökunar fyrir hönd félagsins. Ég er búinn að ræða þetta við þjálfarann og hans teymi og reyni að tryggja að þetta komi ekki fyrir aftur. Menn mega hafa keppnisskap en þetta var skot langt yfir markið og erum við meðvituð um það og tökum á þessu máli innan hús hjá okkur.

Að kvöldi 3. ágúst barst skrifstofu KSÍ viðbótarskýrsla frá varadómara í leik KA og KR, Sveini Arnarssyni, vegna atvika, sem samkvæmt skýrslunni áttu sér stað degi eftir leik KA og KR. Í skýrslunni kemur fram að skýrsluritari hafi verið varadómari í leik KA og KR í Bestu deild karla þann 2. ágúst 2022. Hann hafi verið staddur í anddyri félagsheimilis KA að aðstoða son sinn sem var að mæta á knappsþyrnuæfingu hjá félaginu í hádeginu þann 3. ágúst. Þá segir í skýrslunni:

Ég náði mér því næst í kaffibolla. Þjálfari karlaliðs meistaraflokks, Arnar Grétarsson, verður þess var og spyr hvað ég sé eiginlega að gera þarna og hvernig ég vogi mér að mæta á þennan stað, tjáði mér með offorsi að hann vildi mig í burtu af svæðinu. Síðan upphélt hann sama móðgandi og sарandi orðbragðið í minn garð vegna leiksins deginum áður og stóð sá flaumurí um eina mínútu. Orðaval af þessu tagi fannst mér sарandi og hegðun ógnandi þar sem hann gekk mjög nálægt mér.

Ég tjáði þjálfaranum að þetta væri komið gott og ætlaði mér að halda leið minni áfram. Þegar ég gekk í burtu gat ég ekki greint það orðaval sem hann hafði uppi í minn garð á meðan ég hélt áleiðis til að halda áfram að aðstoða barn mitt, en heyrði að hann hélt áfram að tala til mín þar til hann hvarf sjónum.

Á aukafundi aga- og úrskurðarnefndar þann 4. ágúst ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að viðbótarskýrsla skyldi send til knattspyrnudeildar KA og félaginu gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum vegna viðbótarskýrslunnar frá varadómara í leik KA og KR, fyrir næsta reglulega fund aga- og úrskurðarnefndar þriðjudaginn 9. ágúst. Ekki bárust frekari athugasemdir frá knattspyrnudeild KA vegna viðbótarskýrslu varadómara fyrir fund aga- og úrskurðarnefndar 9. ágúst.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 9. ágúst sl. var það álit aga- og úrskurðarnefndar, að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna, að framkoma þjálfara mfl. karla hjá KA sem lýst er í atvikaskýrslum dómara og varadómara hafi verið alvarleg og vítaverð gagnvart dómara og varadómara leiksins. Í úrskurðinum segir

að rauða spjaldið sem dómari veitti Arnari Grétarssyni í leiknum 2. ágúst 2022 hafi verið annað rauða spjald hans á keppnistímabilinu. Samkvæmt því fer Arnar Grétarsson í sjálfkrafa í tveggja leikja bann samkvæmt grein 12.1.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Því til viðbótar ákvað aga- og úrskurðarnefnd með vísan til ákvæða 12.1.4. og 12.9.f) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og 40. greinar laga KSÍ að úrskurða Arnar Grétarsson, þjálfara KA í mfl. karla, í þriggja leikja bann, og samtals 5 leikja bann í Íslandsmóti og sekta knattspyrnudeild KA um kr. 100.000,-.

Föstudaginn 12. ágúst barst skrifstofu KSÍ tilkynning um áfrýjun frá knattspyrnudeild KA á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar sem kveðinn var upp 9. ágúst.

III.

Í greinargerð frá knattspyrnudeild KA vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur eftirfarandi fram:

KA nýtir sér hér með heimild félagsins til að áfrýja niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar til áfrýjunardómstóls KSÍ, samanber grein 16.2 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Arnar Grétarsson þjálfari liðsins var dæmur í fimm leikja bann og KA sektað að upphæð 100.000 kr.

Þess er krafist að leikbann Arnars Grétarsson verði stýtt verulega og hann sæti ekki lengra leikbanni en til tveggja leikja. Þá er þess krafist að sekt sem ákvörðuð var KA verði felld úr gildi eða lækkuð verulega.

Það er ljóst að hegðun þjálfara KA gagnvart dómurum leiksins meðan á leik stóð og um leið og leiknum lauk var ekki til fyrirmyndar. Fyrir þá hegðun fékk hann enda rautt spjald, og þar með tveggja leikja bann vegna útrekunaráhrifa. Við það gerir félagið ekki athugasemdir, enda hefur bæði félagið og þjálfarinn beðist afsökunar á háttseminni.

Félagið telur hins vegar framkomuna meðan á leik stóð ekki geta talist „ofsafengna“ eða „grófa“ í skilningi greinar 12.1.4. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Sér í lagi sé samræmist gætt gagnvart háttsemi annarra þjálfara. Bendir félagið sérstaklega á þessu til stuðnings að fram kemur í skýrslu dómara að „Ekki urðu frekari orðaskipti þegar til búningsherbergja var komið eða þegar dómara voru að yfirgefa leikstaðinn.“

Kemur þá til skoðunar sérstök viðbótarskýrsla fjórða dómara um ætluð atvik í félagsheimili KA daginn eftir leik. Er það krafa félagsins að ekki sé unnt að dæma leikbann á grundvelli þeirrar skýrslu.

Í fyrsta lagi verður þannig ekki séð að dómari hafi heimild til að skila sérstakri viðbótarskýrslu um atvik í daglegu lífi, utan þess kappleiks sem hann gengdi stöðu dómara í. Kemur beinlínis fram í skýrslunni að atvikin hafi átt sér stað er umræddur einstaklingur var í hlutverki foreldris barns á íþróttæfingu. Heimild 21. gr. reglugerðar KSÍ um að vísa ósæmilegri framkomu til aga- og úrskurðarnefndar er þannig takmörkuð við framkvæmdastjóra KSÍ. Framkvæmdastjóri KSÍ hefur enga slíka kröfu gert hér.

Í öðru lagi er á því byggt að atvik sem eigi sér stað utan skipulagðra kappleikja á vegum KSÍ, eigi ekki undir lögsögu aga- og úrskurðarnefndar sambandsins. Setja verður verulegt fordæmisgildi við slíka niðurstöðu enda vandséð hvar hún ætti að enda. Eiga orðaskipti þjálfara og dómara á öldurhúsi helgina eftir kappleik undir aga- og úrskurðarnefnd?

Í þriðja lagi er á því byggt að atvik séu ósönnuð. Þannig kveður fjórði dómari að þjálfarinn hafi sýnt af sér ógnandi hegðun og viðhaft ósæmilegt orðbragð. Þjálfarinn lýsir atvikum aftur á móti á þann veg að fjórði dómari hafi birst inn í starfsaðstöðu starfsmanna KA. Þjálfarinn hafi einfaldlega rekið hann á dyr þaðan. Þetta hafi hann vissulega e.t.v. gert hranalega.

Hér birtist vandinn við það að ætla aga- og úrskurðarnefnd agavald yfir samskiptum tveggja fullorðinna einstaklingja utan skipulagðra kappleikja. Hvað er satt, eru atvik sönnuð? Eðlilegt er að leggja til grundvallar skýrslu dómara sem óvæfengjanlega lýsingu atvika meðan á kappleik stendur. Engin slík rök hníga hins vegar að því að það gildi um samskipti utan kappleikja.

Þá eiga samskipti utan kappleikja sér stað í allt öðru samhengi en innan þeirra. Háttsemi getur talist ósæmileg gagnvart dómara innan kappleiks, þar sem hann fer með fullt óvæfengjanlegt vald. Sama háttsemi utan kappleiks, hvar dómari svarar fyrir sig eða á e.t.v. frumkvæði af, getur hins vegar einfaldlega talist riflildi.

Staðreyndin er einfaldlega sú að fjórði dómari var inn á starfsaðstöðu starfsmanna félagsins. Þjálfarinn rak hann þaðan út, þó það kunni að hafa verið gert á hranalegan máta, getur það hvorki talist ofsaleg eða gróf íþróttamannsleg framkoma í skilningi gr. 12.1.4. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.

Öllu framangreindu til viðbótar byggir svo félagið á því að lengd leikbannsins sé í engu samræmi við ákvörðun viðurlaga í öðrum málum. Þannig var aðeins viku áður þjálfari dæmdur í sams konar þriggja leikja bann fyrir að gera slíkan aðsúg og sýna slíka ógnandi framkomu í garð dómara að dómari þurfti ígildi lögreglufylgdar af leikstað eftir leik. Verður háttsemi þjálfara KA bersýnilega ekki jafnað til hennar.

Ef lesin er dómsniðurstaða er lesin þá má meta það þannig að afsökunarbeiðni félagsins um framferði þjálfarans sé notuð til þyngingar refsingar, þar sem vísað er í að teknu tilliti til afsökunarbeiðni KA ásamt öðrum fyrirbyggjandi gögnum sé horft til þyngingar dóms. Það er þá í fyrsta skipti sem afsökunarbeiðni og það að menn viðurkenni sök vinni gegn félaginu og hugsanlega hækki þá sekt sem félagið fær á endanum. Mótmælir KA því harðlega, enda eigi bæði afsökunarbeiðni félagsins og þjálfarans að leiða til refsliækkunar.

Því er það krafa KA að agabann það sem Arnar Grétarsson verði stýtt og ákvarðað að hámarki tveir leikir í stað fimm. Þá verði sekt til handa félaginu felld úr gildi eða endurskoðuð þar sem félagið baðst afsökunar á málinu við alla hlutaðeigandi.

IV.

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 9. ágúst 2022. Með honum var Arnar Grétarsson, þjálfari KA í Bestu deild karla úrskurðaður samanlagt í fimm leikja bann frá keppni í Íslandsmóti hjá KSÍ. Þá var knattspyrnudeild KA gert að sæta sekt samanlagt að upphæð kr. 100.000,- til KSÍ. Taldi aga- og úrskurðarnefnd að framkoma Arnars, sem lýst er annars vegar í skýrslu dómara leiksins dags. 2. ágúst og hins vegar í viðbótarskýrslu varadómara leiksins dags. 3. ágúst, hafi verið alvarleg og vítaverð gagnvart dómara og varadómara leiksins.

Það liggur ljóst fyrir, samkvæmt lýsingu í skýrslu dómara í leik KA og KR, að þjálfari KA hlaut brottvísun vegna kröftugra mótmæla við dómara á 94. mínútu leiksins og um leið fyrir að ganga nokkra metra inn á leikvöllinn. Sé mið tekið af 3. mgr. 12. greinar knattspyrnulaganna, þá telst það meðal brottvísunarverðra brota að fara inn á leikvöll til að trufla leik, mótherja eða meðlim dómarateymis. Þegar á þessum tíma, skv. 12.1.2. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, var ljóst að Arnar Grétarsson þyrfti að sæta a.m.k. tveggja leikja sjálfkrafa leikbanni þar sem um var að ræða aðra brottvísun Arnars í Íslandsmóti Bestu deildar karla á yfirstandandi keppnistímabili.

Í skýrslu dómara er frekari atvikum lýst, þar sem þjálfari KA notar særandi og móðgandi orðbragð gagnvart 4ða dómara þegar honum var sýnt rauða spjaldið í leiknum. Enn fremur er því lýst að þjálfari hafi öðru sinni notað særandi og móðgandi orðbragð gagnvart aðstoðardómara og dómarateyminu er þjálfari

gekk í burtu frá tæknisvæði á leið sinni framhjá aðstoðardómara. Því næst er því lýst, eftir að leik lauk, að þjálfari hafi gengið inn á völl rakleitt að 4ða dómara leiksins og notað enn á ný móðgandi orðbragð gagnvart honum. Þá hafi þjálfari gengið að aðstoðardómurum og sýnt af sér ógnandi hegðun gagnvart honum. Loks hafi þjálfari notað særandi og móðgandi orðbragð gagnvart 4ða dómara er dómara gengu af velli.

Samkvæmt grein 12.1.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál og dómi áfrýjunardómstóls í máli nr. 4/2021, má gera þjálfara og forystumönnum knattspyrnuliða sem eru á leikskýrslu allt að 6 leikja bann fyrir ofsalega eða aðra grófa óíþróttamannslega framkomu. Í samræmi við 7. grein starfsreglna aga- og úrskurðarnefndar getur brottvísun leitt til þyngingar stafi hún af orðbragði og/eða verknaði sem er særandi, móðgandi eða svívirðilegt. Það er mat dómsins að þau atvik sem lýst er í skýrslu dómara vegna brottvísunar þjálfara KA í leik KA og KR hafi verið alvarleg og vítaverð, líkt og segir í niðurstöðu aga- og úrskurðarnefndar. Það er jafnframt mat dómsins, að þjálfari KA hafi, eftir að hafa með verknaði sínum áunnið sér brottvísun í leiknum, sýnt af sér endurtekið særandi og móðgandi orðbragð gagnvart dómarateymi leiksins. Það hafi þjálfari gert strax í kjölfar brottvísunar, á leið sinni frá tæknisvæði og eftir að leik lauk. Þykir dómnum hæfilegt, þegar einungis er tekið mið af skýrslu dómara vegna brottvísunar þjálfara KA, að miða þyngingu leikbanns þjálfara KA við tvo leiki til viðbótar við sjálfkrafa leikbann Arnars, eða samanlagt fjóra leiki.

Dómurinn tekur næst til skoðunar sérstaka viðbótarskýrslu sem barst frá varadómara í leik KA og KR vegna atvika, sem samkvæmt skýrslunni, áttu sér stað degi eftir leik KA og KR. Í greinargerð sem fylgir áfrýjun knattspyrnudeildar KA er krafist þess að ekki sé unnt að dæma leikbann á grundvelli þeirrar viðbótarskýrslu. Er á því byggt að dómari hafi ekki heimild til að skila sérstakri viðbótarskýrslu um atvik í dagleglu lífi, utan þess kappleiks þar sem hann gegndi stöðu dómara. Í öðru lagi er á því byggt að atvik sem eigi sér stað utan skipulagðra kappleikja á vegum KSÍ, eigi ekki undir lögsögu aga- og úrskurðarnefndar. Dómurinn bendir á að almennt úrskurði aga- og úrskurðarnefnd um atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna KSÍ í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhúsmótum, skv. grein 5.1. reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Því til viðbótar hafi nefndin heimild til að úrskurða um önnur mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau, skv. grein 5.2. Þykir dómnum því skýr heimild liggja fyrir aga- og úrskurðarnefnd að úrskurða um önnur mál, svo fremi sem þau séu vegna knattspyrnuleikja enda fjalli ekki aðrir um þau. Dómurinn tekur þó undir sjónarmið áfrýjanda þess efnis að sönnunargildi skýrslu dómara vegna brottvísunar vegi almennt þyngra en sönnunargildi skýrslu sem berst frá meðlimi dómarateymis vegna atvika sem eiga sér stað degi síðar og utan kappleikja. Er það í samræmi við 40. grein agareglugerðar FIFA (FIFA Disciplinary Code), þar sem segir að gera skuli ráð fyrir að staðreyndir í skýrslu dómara séu réttar. Reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er sett með stoð í 31. gr. laga KSÍ og samkvæmt agareglum FIFA (FIFA Disciplinary Code). Agareglur FIFA eru ákvæðum reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál til fyllingar eftir því sem við á skv. 23. gr.

Við sönnunarmat dómsins á þeim atriðum sem lýst er í viðbótarskýrslu frá varadómara er í fyrsta lagi horft til þess að áfrýjandi kom ekki á framfæri athugasemdum við þau atriði sem lýst er í nefndri skýrslu varadómara fyrir fund aga- og úrskurðarnefndar þann 9. ágúst sl. Lét áfrýjandi það duga að senda inn afsökunarbeiðni til dómarateymisins og KSÍ þar sem því var komið á framfæri að búið væri að ræða við varadómara í leik KA og KR í tvígang og biðjast afsökunar fyrir hönd félagsins. Í öðru lagi horfir dómurinn til þess að í greinargerð áfrýjanda til áfrýjunardómstólsins er það staðfest frá hendi áfrýjanda að þjálfari KA hafi rekið varadómara frá starfsaðstöðu starfsmanna félagsins, og það hafi hann vissulega e.t.v gert hranalega. Í þriðja lagi horfir dómurinn til 35. greinar agareglna FIFA rétt eins og í dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2021. Í 35. grein er fjallað um sönnunargögn, mat á sönnunargögnum og sönnunarkröfur í agamálum. Af 3. mgr. sömu greinar verður ráðið að þær sönnunarkröfur sem þurfi að uppfylla í agamálum svo brot teljist nægjanlega sannað er að fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] séu á sekt að mati úrskurðarvalds. Því ber aga- og úrskurðarnefnd ásamt áfrýjunardómstólnum í tilvikum sem þessum að

leggja mat á hvort fullnægjandi líkur séu á að þjálfari KA hafi gerst brotlegur. Dómurinn telur, með hliðsjón af framangreindu og með hliðsjón af lýsingu á atvikum í viðbótarskýrslu dómara, að fullnægjandi líkur séu á að þjálfari KA hafi þann 3. ágúst sl. sýnt af sér framkomu sem falli undir það að vera orðbragð og/eða verknaður sem hafi verið særandi, móðgandi eða svívirðilegt gagnvart varadómara leiks KA og KR sem fram fór þann 2. ágúst sl. Þá metur dómurinn svo að því orðbragði og þeim verknaði sem beint hafi verið að varadómara þann 3. ágúst hafi verið vegna knattspyrnuleiks KA og KR sem fram fór deginum áður eða þann 2. ágúst sl. Því hafi aga- og úrskurðarnefnd með hliðsjón af grein 5.2. reglugerðarinnar, verið heimilt að hafa afskipti á málinu enda ljóst að aðrir fjalli ekki um það. Þykir dómnum hæfilegt, þegar mið er tekið af broti þjálfara KA þann 3. ágúst sl., að dæma Arnar Grétarsson, í eins leiks bann vegna þessa atviks. Leikbann Arnars vegna viðbótarskýrslu varadómara byggir á heimild í ákvæðum 12.9.f) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, þar sem fram kemur að til viðbótar viðurlögum við agabrotum í 12. grein reglugerðar um aga- og úrskurðarmál getur nefndin beitt öðrum refsingum sem lög og reglugerðir KSÍ tiltaka og heimila. Með vísan til 40.2. greinar laga KSÍ er leikbann á meðal þeirra viðurlaga sem getur verið beitt gagnvart einstaklingum vegna brota. Eins leiks bann Arnars vegna atvika í viðbótarskýrslu varadómara bætist við fjögurra leikja bann Arnars vegna skýrslu dómara eftir leik KA og KR, og verður bannið því samanlagt 5 leikir.

Upphæð sektar knattspyrnudeildar KA sem aga- og úrskurðarnefnd ákvað í úrskurði sínum frá 9. ágúst sl., þykir dómnum hæfileg þegar mið er tekið af brotum þjálfara KA. Byggir sekt knattspyrnudeildar KA á grein 12.9.a) reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál, grein 4.2. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og grein 5.2. laga KSÍ. Samkvæmt grein 5.2. skal sérhvert aðildarfélag bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum þessum og reglugerðum KSÍ.

Með vísan til framangreinds er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar frá 9. ágúst 2022 um 5 leikja bann Arnars Grétarssonar og sekt knattspyrnudeildar KA að upphæð kr. 100.000,- staðfestur.

Dómsorð:

Staðfestur er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar um leikbann Arnars Grétarsson í samanlagt 5 leiki í Íslandsmóti KSÍ og sekt knattspyrnudeildar KA að upphæð kr. 100.000,-.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]